

Umhverfis- og orkustofnun
Norðurslóð Borgum, 600 Akureyri

Garðabær, 10. október 2025
202509-0146/A.B.
08.05

Efni: Umsögn - Nýtingarleyfi grunnvatns - Benchmark Genetics v. Kalmanstjörn - Umhverfis- og orkustofnun.

Vísað er í erindi Umhverfis- og orkustofnunar, dags. 23. september 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um umsókn Benchmark Genetics Iceland hf., dags. 20. desember 2024, um leyfi til nýtingar grunnvatns af lóðinni Kalmanstjörn, Nesvegi 50, í Reykjanesbæ.

Umsóknin er lögð fram á grundvelli laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og tekur leyfið því til nýtingar vatnsauðlindarinnar en ekki framkvæmda sem kunna að fela í sér jarðrask á yfirborði.

Í umsókn kemur fram að fyrirtækið hyggist nýta allt að 1.500 L/s af grunnvatni, þar af um 700 L/s viðbót miðað við núverandi vinnslu. Vatnstakan nær bæði til ísalts vatns og jarðsjós, og byggir á líkanreikningum Verkfræðistofunnar Vatnaskila frá árinu 2021 þar sem metin voru áhrif aukinnar vatnstöku á grunnvatn, jarðsjó og seltu í nærliggjandi svæðum.

Álit Náttúruverndarstofnunar

Að mati Náttúruverndarstofnunar liggja fyrir nægar upplýsingar um vatnsnýtingu og lífríki til að unnt sé að veita nýtingarleyfi, að teknu tilliti til varúðarreglu og skilyrða um vöktun.

Fyrirhuguð vatnstaka getur haft óbein áhrif á strandsvæði og lífríki með breytingum á seltu og grunnvatnsstöðu, sem gætu haft áhrif á fæðuskilyrði fugla við Kalmanstjörn og Hafnir.

Svæðið er hluti af Kalmanstjörn–Garðskaga, sem hefur verið skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA) vegna fjölbreytts fuglalífs og mikils vistfræðilegs gildis.

Fjara og grunnsævi frá Kalmanstjörn að Garðskaga einkennast af klettafjöllum, Ósum og þangfjöllum með leirublettum, og eru mikilvæg fyrir far- og vetrarfugla.

Á svæðinu hafa t.d. straumendur og sendlingar náð alþjóðlegum verndarviðmiðum og sanderla hefur verið talin í allt að 1.300 eintökum á farti.

Áhrif fyrirhugaðrar vatnstöku eru talin staðbundin og fremur lítil, en óvissa getur verið til staðar um langtímaáhrif á vistkerfi fjöru og strandsjávar.

Náttúruverndarstofnun telur brýnt að tryggð verði reglubundin vöktun á grunnvatnsborði, seltu og hitastigi, sem og ástandi lífríkis og fuglalífs við Kalmanstjörn, í samráði við Náttúrufræðistofnun.

Vöktun skal nýtt til aðlögunar í rekstri ef merki koma fram um seltuaukningu, lækkun grunnvatnsborðs eða hnignun í lífríki, og samræmd við vöktun annarra aðila sem nýta sama grunnvatnshlot á Reykjanesi.

Að uppfylltum þessum skilyrðum telur Náttúruverndarstofnun að fyrirhuguð nýting sé ekki líkleg til að hafa veruleg eða óafturkræf áhrif á náttúru eða vistkerfi.

Stofnunin leggur áherslu á að Umhverfis- og orkustofnun tryggi að vöktun og aðlögun verði skuldbindandi í samræmi við varúðarreglu og markmið 1. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri